

Svar

háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Elvu Dögg Sigurðardóttur um verkefni sem hljóta nýsköpunarstyrk.

Ráðuneytið leitaði umsagnar Rannís um fyrirspurnina og er í svari þessu byggt á umsögn stofnunarinnar.

1. *Eru verkefni sem hljóta nýsköpunarstyrk flokkuð eftir tegund eða eðli verkefna, til að mynda tækninýsköpun, markaðsnýsköpun eða samfélagslegri nýsköpun?*
2. *Ef svo er, hvers eðlis eru þau verkefni sem hafa sótt um nýsköpunarstyrk síðastliðin tíu ár?*

Verkefni sem hljóta nýsköpunarstyrk frá Rannís eru ekki flokkuð eftir tegund eða eðli verkefna á þann hátt sem spurt er um.

3. *Hvers eðlis eru þau verkefni sem hafa hlotið nýsköpunarstyrk á sama tímabili? Hvernig skiptist stuðningur milli flokka verkefna?*

Rannís flokkar styrkt verkefni í Tækniþróunarsjóði eftir nokkrum breytum og þrjár geta átt hér við: Heimsmarkmið SP, styrkflokkur og atvinnugrein.

a. Heimsmarkmið SP: Tækniþróunarsjóður styður þróunarstarf og rannsóknir sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Rannís hefur safnað gögnum um tengsl verkefna við heimsmarkmið SP undanfarna þrjá umsóknarfresti. Umsækjendur hafa því hakað við allt að tvö heimsmarkmið í sínum umsóknum. Hér að neðan er yfirlit yfir styrkveitingar eftir einstökum heimsmarkmiðum. Þó er settur sá fyrirvari að þar sem umsækjendur geta hakað við allt að tvö heimsmarkmið þá er fjármagn tvítalið hér að neðan.

Styrkveitingar eftir markmiði sem umsækjandi velur #1:

Heimsmarkmið	Upphæð í kr.
1. Engin fátækt	20.000.000
2. Ekkert hungur	33.730.000
3. Heilsa og vellíðan	412.993.000
4. Menntun fyrir alla	120.000.000
5. Jafnrétti kynjanna	112.962.000
7. Sjálfbær orka	188.270.000
8. Góð atvinna og hagvöxtur	215.000.000
9. Nýsköpun og uppbygging	383.127.000
10. Aukinn jöfnuður	90.000.000
11. Sjálfbærar borgir og samfélög	35.000.000
12. Ábyrg neysla og framleiðsla	260.496.000
13. Aðgerðir í loftslagsmálum	213.977.000
14. Líf í vatni	30.000.000
16. Friður og réttlæti	50.000.000
17. Samvinna um markmiðin	50.000.000

Styrkveitingar eftir markmiði sem umsækjandi velur #2:

Heimsmarkmið	Upphæð í kr.
2. Ekkert hungur	20.000.000
3. Heilsa og velliðan	39.996.000
4. Menntun fyrir alla	50.000.000
5. Jafnrétti kynjanna	58.050.000
6. Hreint vatn og hreinlætisaðstaða	20.000.000
7. Sjálfbær orka	60.000.000
8. Góð atvinna og hagvöxtur	234.663.000
9. Nýsköpun og uppbygging	761.405.000
10. Aukinn jöfnuður	70.000.000
11. Sjálfbærar borgir og samfélög	58.980.000
12. Ábyrg neysla og framleiðsla	264.601.000
13. Aðgerðir í loftslagsmálum	266.892.000
14. Líf í vatni	55.000.000
15. Líf á landi	24.000.000
16. Friður og réttlæti	10.000.000
Ekkert valið	221.968.000

b. Styrkflokkur. Síðastliðin tíu ár hafa styrkflokkar breyst nokkuð, en að neðan má sjá yfirlit yfir þá flokka sem voru í gildi á því tímabili ásamt styrkveitingum eftir einstökum flokkum.

Styrkflokkur	Veitt (ár)	Upphæð í kr.
Einkaleyfisstyrkur	2015–2023	29.885.000
Frumherjastyrkur	2014–2016	472.197.000
Fræ	2016–2023	320.975.000
Hagnýt rannsóknarverkefni	2016–2023	2.203.669.000
Markaðsstyrkir	2014–2023	1.856.635.000
Sproti	2016–2023	2.941.881.000
Verkefnastyrkur	2014–2016	3.273.372.000
Vöxtur	2016–2023	7.964.189.000

c. Atvinnugreinaflokkun. Rannís flokkar styrki eftir atvinnugreinaflokkun sem var þróuð innan húss. Yfirlit yfir styrkveitingar eftir atvinnugreinaflokkum undanfarin tíu ár má sjá hér að neðan.

Atvinnuflokkur	Upphæð í kr.
Heilbrigðistækni og lækningatæki	2.931.901.000
Almenn verslun og þjónusta (þ.m.t. fjármálaþjónusta og öryggisþjónusta)	2.828.159.000
Hagnýting auðlinda lífríkis sjávar og ferskvatns	2.135.824.000
Orkunotkun og hagnýting orkuauðlinda	2.109.781.000
Menning, hönnun og afþreying	1.936.662.000
Heilbrigðis- og velferðarþjónusta	1.303.919.000
Fræðslu- og menntatengd þjónusta	1.156.774.000
Fjarskiptaþjónusta og samgöngur	1.017.199.000
Almenn matvælatækni	950.339.000
Umhverfis- og skipulagsmál (þ.m.t. vatnsveitur og úrgangur)	847.178.000

Atvinnuflokkur	Upphæð í kr.
Vinnsla lífrænna og ólífrænna efna (önnur en efnaframleiðsla)	471.385.000
Hagnýting auðlinda lífríkis á landi (landbúnaður, skógrækt)	453.482.000
Bygginga- og mannvirkjagerð (þ.m.t. viðhald)	358.810.000
Ferðaþjónusta	305.593.000
Annað	196.145.000
Öryggisþjónusta	59.652.000

4. *Hvers eðlis eru þau verkefni sem tekið hafa þátt í nýsköpunarhröðlum eða -keppnum?*
5. *Heldur ráðuneytið utan um árangur þeirra verkefna sem hafa sigrað í nýsköpunarkeppnum? Ef svo er, hvernig hefur þeim vegnað síðastliðin fimm ár? Óskað er eftir sundurliðun á því hvaða verkefnum er enn unnið að og hverjum ekki.*
6. *Hvaða verkefni hafa hlotið efstu þrjú sæti í nýsköpunarkeppnum síðastliðin tíu ár? Hvernig skiptast þau verkefni eftir flokkum?*

Nýsköpunarhraðlar og -keppnir hér á landi eru í flestum tilvikum reknar sem sjálfstæða einingar af einkaaðilum. Hvorki ráðuneytið né Rannís halda utan um árangur þeirra verkefna sem taka þátt í slíkum viðburðum.